



9. mars 2018

Jext® adrenalín sjálfvirkt inndælingartæki – Nýtt fræðsluefni til stuðnings sjúklingum sem nota Jext

Ágæti heilbrigðisstarfsmaður

Að kröfu Lyfjastofnunar Evrópu (EMA) hefur verið útbúið fræðsluefni fyrir Jext til að tryggja að sjúklingar og umönnunaraðilar þeirra noti adrenalín sjálfvirk inndælingartæki á réttan og árangursríkan hátt. Texti fræðsluefnisins hefur verið samþykktur af Lyfjastofnun.

Sá grunur hefur vaknað að þau inndælingartæki sem eru núna í notkun gætu gefið adrenalín undir húð í staðinn fyrir í vöðva en það getur seinkað svörun við meðferð. Fyrirtækin sem markaðssetja adrenalín sjálfvirk inndælingartæki hafa því verið beðin um að útbúa fræðsluefni fyrir sjúklinga, sem og fyrir heilbrigðisstarfsmenn, til að tryggja ákjósanlega notkun. Lagt er til að fjölskyldumeðlimir, umönnunaraðilar og kennarar séu einnig þjálfaðir í hvernig nota á sjálfvirka inndælingartækið.

Fræðsluefnið inniheldur:

- Þjálfunartæki sem sjúklingar geta æft sig með
- Hljóðmyndrænt efni til að sýna í smáatriðum hvernig nota á tækið
- Sjúklingakort
- Gátlista fyrir þá sem ávísa lyfinu til að tryggja að fullnægjandi upplýsingar séu gefnar sjúklingum áður en þeir nota sjálfvirka inndælingartækið.

Heilbrigðisstarfsmenn er vinsamlegast beðnir um að afhenda sjúklingum sjúklingakortið og minna þá á að hafa það ávallt meðferðis.

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar, sjá www.lyfjastofnun.is.

Upplýsingar um fræðsluefnið eru birtar á vefsíðunni: www.infoaai.com, sem er bæði ætluð heilbrigðisstarfsmönnum og sjúklingum. Vefsíðan veitir einnig leiðbeiningar um hvernig panta á fræðsluefni með tölvupósti eða með því að hringja í Vistor hf.: ALK@vistor.is, sími 535-7000.

Vinsamlegast upplýsið aðra heilbrigðisstarfsmenn og sjúklinga/aðstandendur um þessa vefsíðu, til að tryggja að sjúklingar séu þjálfaðir á viðunandi hátt í hvernig á að haga sér við bráðaaðstæður. Við hvetjum þig til að fara inn á síðuna og kynna þér efnið og hvernig á að senda pöntun. Ef þú kýst að fara yfir efnið með fulltrúa Vistor skaltu vinsamlegast senda okkur tölvupóst og við munum bóka tíma.

Virðingarfyllt,

Markaðsstjóri, Klasi 2, Vistor

Tilvísun: August 14, 2015 - EMA/465403/2015. Better training tools to support patients using adrenaline auto-injectors.